

95. fundur

13. apríl 2021

Málsnr. 2009606SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

Fjarfundur var haldinn á Teams 13. apríl 2021 og hófst hann kl. 9:30.

Fundinn sátu f.h. FG: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir og Jón Ingi Gíslason.

F.h. SNS: Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**Dagskrá:**

**1. Mat á starfsreynslu skólastjórnenda sem snúa aftur til kennslustarfa. – Málsnr. 2104021SA**

Fulltrúar SNS óskuðu eftir umræðu í samstarfsnefnd um mat á starfsreynslu skólastjórnenda við stjórnun og kennslu skv. greinum 1.3.1.3. og 10.3 í kjarasamningi FG og ákvörðun samstarfsnefndar frá 6. mars 2013 þar sem ákvörðun var tekin um að meta stjórnunarreynslu skólastjórnenda til jafns við kennsluferil.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd staðfestir niðurstöðu 23. fundar samstarfsnefndar aðila frá 6. mars 2013 um að skólastjórnendur sem snúa aftur til kennslustarfa og hafa réttindi og skyldur skv. kjarasamningi FG fái kennsluferil sem kennarar og starfsreynslu sína við skólastjórnun að fullu metna til kennsluferils skv. grein 10.3. Grein 10.3. gefur að hámarki 7 lfl. Auk framangreinds geta skólastjórnendur sem snúa aftur til kennslustarfa átt rétt til að fá 1 lfl. til viðbótar hafi þeir verið 10 ár við stjórnun og 3 lfl. vegna 20 ára stjórnunarreynslu skv. grein 1.3.1.3. Grein 1.3.1.3 gefur að hámarki 3 lfl.

Skólastjórar sem snúa aftur til kennslustarfa eiga ekki rétt á kennsluafslætti.

Fundi slitið klukkan 10:30.